



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 141/222
komudagur 26.10.2012

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2012
Tilvísun. nr.: 201202-0276

Efni: Umsögn um frumvarp til efnalaga – 88. mál

Vísað er til tölvupósts dags. 27. september sl. þar sem embætti Tollstjóra er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til efnalaga. Með símtali þann 18. október sl. fór embættið þess á leit við nefndarsvið Alþingis að fá frest til að skila inn umsögn um frumvarpið til 25. október. Með tölvupósti sama dag var framlengdur frestur staðfestur. Umsögn Tollstjóra varðar í megindráttum ábendingar um hvernig auka megi skilvirkni og áreiðanleika upplýsinga á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu á efnavörum. Tollstjóri þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um frumvarpið og framlengdan frest við skil á umsögn.

Um 8. gr.

Tollstjóri gerir ekki athugasemd við 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins varðandi heimildarákvæði Umhverfisstofnunar. Hins vegar gerir Tollstjóri efnislegar athugasemdir við 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins m.t.t. skilvirkni og áreiðanleika upplýsinga á aðflutningsskýrslu. Tollstjóri kannast ekki við að í fjárlögum fyrir árið 2013 sé gert ráð fyrir fjárveitingu vegna tímabundins kostnaðar við uppfærslu á tölvukerfi tollstjóra. Jafnframt veit Tollstjóri ekki til þess að framkvæmd hafi verið nákvæm þarfagreining eða kostnaðaráætlun, svo tollakerfið geti mætt framsettum kröfum frumvarpsins.

Tollstjóri leggur til að Umhverfisstofnun gefi út leyfi fyrir öllum innflutningi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Á það skal bent að allt eftirlit Tollstjóra fyrir eftirlitsstofnanir byggir á tollflokkun, að öðrum kosti er illmögulegt að viðhafa rafrænt eftirlit með vöruinnflutningi. Í reglugerð er því nauðsynlegt að fram komi þeir tollflokkar sem Tollstjóri á að hafa eftirlit með fyrir Umhverfisstofnun samkvæmt ákvæðum frumvarps. Hvað varðar ástæðu framangreindrar tillögu Tollstjóra er bent á að erfitt getur reynst að viðhafa rafrænt eftirlit með innflutningi á efnavörum og fylla út núgildandi aðflutningsskýrslu (sbr. ebl. 1.1.) m.t.t. þess fyrirkomulags sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hér er átt við það fyrirkomulag að vísa til markaðsleyfis efnavöru frá Efnastofnun Evrópu vegna innflutnings, í stað innflutningsleyfis

Umhverfisstofnunar. Að mati Tollstjóra getur framangreind breyting orðið til þess að erfiðara reynist fyrir embættið að sinna eftirliti með innflutningi efnavara og því líklegra að vara án innflutningsheimildar verði tollafgreidd.

Að mati Tollstjóra er nauðsynlegt að skoða útfyllingu tollskýrslu, einkum m.t.t. leyfisskyldrar vöru. Til skýringar á umsögn Tollstjóra eru hjálögð tvö gildandi eyðublað sem varða inn- og útflutning: 1) Núgildandi eyðublað fyrir aðflutningsskýrslu (sbr. ebl. 1.1); 2) Núgildandi eyðublað fyrir útflutning sem er samevrópsk SAD-skýrsla [*e. Single Administrative Document*] (sbr. ebl. 2.1.). Með einföldun má segja að tollskýrsla skiptist í haus og línur. Á haus skýrslu koma fram almenn atriði sem varða alla sendinguna s.s. sendingarnúmer, innflytjandi og tollverð. Hins vegar taka línur til sértækra atriða innan sendingar s.s. varðandi tollflokk, vörutegund og einingartölu. Samkvæmt núgildandi aðflutningsskýrslu er vísað til skírteinis, leyfis og vottorðs í reit 14 á skýrslu, sem staðsettur er í haus skýrslu og gildir þar af leiðandi um allar línur skýrslunnar. Sama fyrirkomulag er ekki viðhaft í útflutningi þar sem innleidd hefur verið samevrópsk útflutningsskýrsla. Tollstjóri vekur athygli á að mikill munur er á útfyllingu núgildandi aðflutningsskýrslu og útflutningsskýrslu varðandi inn- og útflutningstakmörkun vöru. Hvað varðar útflutningsskýrsluna sinnir reitur 44 sama hlutverki og reitur 14 á aðflutningsskýrslu þ.e.a.s. reitur skýrslunnar þar sem innflytjandi vísar til skírteinis, leyfis og vottorðs. Meginmunur á framangreindum tollskýrslum er sá að reitur 44 er staðsettur í línunum skýrslu og á því eingöngu við um sértæk atriði innan sendingar. Komi til innflutnings þar sem margar leyfisskyldar efnavörur eru í sömu sendingu, getur sú staða komið upp að reitur 14 á aðflutningsskýrslu rúmi ekki allar tilvísanir í markaðsleyfi eða sending tollafgreidd fyrir mistök þar sem tölvukerfi tollstjóra greinir ekki skort á leyfistilvísun. Tollstjóri vekur athygli á að stefnt er að taka upp samevrópska aðflutningsskýrslu. Fyrstu áætlanir gera ráð fyrir innleiðingu 1. janúar 2014. Tollstjóra mælir með því að Umhverfisstofnun taki afstöðu til leyfisskyldu innflutnings og veiti eða synji innflytjendum um innflutningsleyfi á efnavörum og efnablöndum.


Með vísan til framangreindra athugasemda Tollstjóra er vakin athygli á fyrri athugasemdum, dags. 15. mars sl. um drög að frumvarpi til efnalaga til umhverfisráðuneytisins (nú umhverfis- og auðlindaráðuneyti). Þar var bent á nýlega breytingu við leyfisveitingu vegna innflutnings á vörum sem heyra undir eftirlitsskyldu Matvælastofnunar, sbr. athugasemd við 22. gr. frumvarps. Tollstjóri mælir með að áþekk aðferð verði viðhöfð vegna leyfisskyldra efnavöru, efnablandna og annarra vara sem falla undir frumvarpið, þar til framangreind breyting hefur verið innleidd við innflutning. Eftirlitsfyrirkomulaginu er þannig háttað að fyrirframgefni


tollflokkar fá ekki tollafgreiðslu nema með innflutningsleyfi eða tilkynningu til Matvælastofnunar. Með þessum hætti tekur Matvælastofnun afstöðu til leyfisskyldu allra sendinga innan algengustu tollflokka sem heyra undir eftirlitsskyldu stofnunarinnar. Innflytjandi skráir samkvæmt almennum leiðbeiningum Tollstjóra leyfisnúmer í reit 14 á aðflutningsskýrslu, sem staðsettur er í haus skýrslu. Leyfi Matvælastofnunar er í meginráttum tvennskonar: 1) í formi samevrópskra innflutningsskjala t.d. CVED [*e. Common Veterinary Entry Document*]; 2) í formi tilkynningar um innflutning innan EES-svæðisins sem vísar til leyfisnúmers sem gefið er út af stofnuninni [*MST-leyfi*]. Í þessu sambandi bendir Tollstjóri á að dagana 15-19. október sl. kom Eftirlitsstofnun EFTA (hér eftir ESA) til landsins. Tílefni heimsóknarinnar var yfirferð á fyrirkomulagi við eftirlit með innflutningi á dýraafurðum. Tollstjóra er ekki kunnugt um að ESA hafi gert athugasemdir við framangreint fyrirkomulag, enda þótt athugasemdir hafi verið gerðar við nokkrar almennar takmarkanir á innflutningi. Á hinn bóginn áréttar Tollstjóri að skýrsla ESA vegna heimsóknar til Íslands hefur formlega ekki verið gefin út, heldur voru meginniðurstöður heimsóknar kynntar á lokafundi eftirlitsferðar þann 19. október sl. Hvað varðar eftirlit með leyfisskyldum innflutningi hefur Tollstjóri með reglubundnum hætti upplýst Matvælastofnun um innflutning framangreindra tollflokka og notkun innflutningsleyfa, svo koma megi í veg fyrir ólögmetan innflutning eða misnotkun. Að mati Tollstjóra hefur framangreind breyting gefist vel og skilvirkni við eftirlit með innflutningi aukist. Með vísan til framangreindra athugasemda leggur Tollstjóri til að áþekkt fyrirkomulag verði viðhaft með innflutningi efnavara líkt og gildir um eftirlit sem heyrir undir Matvælastofnun.

Um 19. gr.

Að mati tollstjóra er æskilegt að kveða á með skýrari hætti um upplýsingaskyldu innflytjenda og tollmiðlara við tollafgreiðslu. Jafnframt bendir tollstjóri á meginreglu varðandi rafræn skil aðflutningsskýrslna, sbr. 23. gr. tollalaga nr. 88/2005, ásamt síðari breytingum.

Virðingarfyllst,
f. h. tollstjóra,


Karen Bragadóttir
forstöðumaður tollasviðs


Steinþór Þorsteinsson
lögfræðingur



ÍSLAND

A SENDINGAR-ÚTFLUTNINGSTOLLSTÖÐ

1

2 Sendandi/Útflutjafi nr.

1 SKÝRSLA

3 Eyðubíð

4 Hleðsluskrár

5 Vörulíðir

6 Stykkjatala

7 Tilvisunarnúmer

Eintak sendingarlands/útflytningarslands

8 Viðtakandi nr.

9 Ábyrgðaraðili greiðslu nr.

10 Fyrsta ákvörðunarland

11 Viðskiptaland

13 S.L.S

14 Skýrslugjafi/Umboðsaðili nr.

15 Sendingarland/Útflytningarsland

15 C. Lykill send-útflyt.

17 Lykill ákv. lands

a |

b |

a |

b |

18 Auðkenni og þjóðerni flutningsfars við brottför

19 Gámur

20 Afhendingarskilmálar

21 Auðkenni og þjóðerni virks flutningsfars við flutning yfir landamæri

22 Mynt og helidartíðarhæð reiknings

23 Gengi

24 Tegund viðskipta

25 Flutningsmáli yfir landamæri

26 Flutningsmáli innanlands

27 Hleðslustaður

28 Fjármála og bankaupplýsingar

1

29 Útflytningstollstöð

30 Geymslustaður vöru

31 Stykki og vörulýsing

Merkil og númer - Gámanr. - Tala og tegund

32 Vörulíðir nr.

33 Vörunúmer

34 Lykill upprunals

35 Þyngd brúttó (kg)

a |

b |

37 TOLLMEÐFERÐ

38 Þyngd nettó (kg)

39 Kvótar

40 Helidarskýrsla/Fyrsta skjal

41 Magn í annarri einingu

44 Viðbótarupplýsingar/Framlögð skjöl/Vottorð og leyfi

Vu-Lykill

46 Hagskýrsluverð

47 Útreikningur gjalda

Tegund

Gjaldstofn

Taxti

Fjárhæð gjalds

GM

48 Greiðslufrestur

49 Auðkenni vöruheimsu

B REIKNINGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Samtals:

50 Ábyrgðaraðili nr.

Undirskrift:

C BROTTFARARTOLLSTÖÐ

51 Fyrirhugaðar umflutnings-tollstöðvar (og land)

fyrir hönd hans

Staður og dagsetning:

52 Ábyrgð tekur ekki til

Lykill

53 Ákvörðunartollstöð (og land)

D EFTIRLIT BROTTFARARTOLLSTÖÐVAR

Stimpli:

54 Staður og dagsetning:

Niðurstaða:

Innsigill, taða:

auðkenni:

Frestur (dagsetning)

Undirskrift:

Undirskrift og nafn skýrslugjafa/umboðsaðilla:

EFTIRLIT SENDINGAR-ÚTFLUTNINGSTOLLSTÖÐVAR	TÖLVAÐUR